

SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2026, miðvikudaginn 18. mars var haldinn 435. fundur samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 12-14 og hófst kl. 07:50.

Mættir: Sara Björg Sigurðardóttir formaður, Bjarni Th. Bjarnason Garðabæ, Kristín Thoroddsen Hafnarfirði og Sævar Birgisson Mosfellsbæ. Andri Sveinn Hilmarsson Kópavogi tók sæti á fundnum með rafrænum hætti.

Jafnframt: Magnús Árnason, Atli Steinn Árnason og Helga Björnsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagðar fram fundargerðir verkefnahóps um framkvæmdir á skíðasvæðum dags. 9. febrúar og 13. mars 2026 varðandi tilboð Doppelmayr í ástandsmat og úttekir á lyftukosti í Skálafell og snjóflóðahættumat Veðurstofu Íslands í Bláfjöllum.
2. Lagt fram minnisblað forstöðumanns skíðasvæðanna dags. 15. mars 2026 varðandi óvæntan kostnað við siturlögn og úttekt á Bláfjallaskála.
 - kl. 08:05 vék Sævar Birgisson af fundi.
 - kl. 08:25 tók Sævar Birgisson sæti á fundinum.
3. Lagt fram erindi Skíðagöngufélagsins Ullar dags. 11. mars 2026 um aðgang að salernum í Suðurgili, endurskoðun verðlagningar á skíðagöngubrautum í Bláfjöllum, samstarf um sorphirðu á svæðinu og aukið formlegt samstarf rekstraraðila.

Samþykkt að vísa gjaldskrárliðnum til næstu vinnu við gjaldskrár 2027.
Öðrum liðum vísað til meðferðar forstöðumanns skíðasvæðanna.
4. Lagt fram minnisblað forstöðumanns skíðasvæðanna dags. 15. mars 2026 um stöðu skíðasvæðisins þar sem fram kemur að veturinn hefur verið erfiður vegna snjóleysis, opnunardagar fáir og tekjur undir áætlun, en aðsókn góð þegar opið er og vonir bundnar við áframhaldandi opnun og páska tímabil.

Fundi slitið kl. 09:06.

Sara Björg Sigurðardóttir

Andri Sveinn Hilmarsson
Kristín Thoroddsen

Sævar Birgisson
Bjarni Th. Bjarnason